

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Dómsmálaráðherra
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Dómstólasýslan
Suðurlandsbraut 14
108 Reykjavík

Reykjavík, 8. mars 2023

Efni: Afskipti af fjöldalaumfjöllun um héraðsdómsmál nr. S-4987/2022

Hinn 3. mars sl. fjölluðu fréttamiðlarnir Vísir, Bylgjan og Stöð 2 um ofangreint sakamál. Af því tilefni boðaði dómari málsins fulltrúa þessara fjöldi fyrir dóm í dag þar sem fram kom sú afstaða dómsins að þessi umfjöllun kynni að varða hlutaðeigandi viðurlögum og þeim gefinn kostur á að tjá sig.

Að gefnu þessu tilefni telur Blaðamannafélag Íslands rétt að áréttu að tjáningsfrelsi verða ekki reistar aðrar skorður en þær sem skýrlega er mælt fyrir um í lögum frá Alþingi og samrýmast lýðræðishefðum. Ákvæði í lögum sem takmarka tjáningsfrelsi verða ekki skýrð rýmra en orðalag þeirra og lögskýringargögn veita öruggt tilefni til. Ákvarðanir handhafa opinbers valds um takmörkun tjáningsfrelsис sem reistar eru á lögum þurfa jafnframt að eiga sér skýra stoð í þeim og vera í samræmi við þau bæði að efni og formi til, auk þess sem slíkar ákvarðanir þurfa að uppfylla þær kröfur um réttmæti og meðalhóf sem felast í og leiða af ákvæðum 73. gr. stjórnarskrárinna og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/2008, eins og því ákvæði var breytt með breytingarlögum nr. 76/2019, er óheimilt að streyma hljóði eða mynd úr þinghaldi eða greina frá því sem sakborningur eða vitni skýrir frá við skýrslutöku meðan á henni stendur. Í frumvarpi því sem varð að breytingarlögunum var samsvarandi ákvæði frumvarpsins orðað svo að óheimilt væri að streyma hljóði eða mynd úr þinghaldi „eða senda þaðan samtímaendursögn af skýrslutökum“. Þessu orðalagi var breytt í endanlegt horf að tillögu allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, en sú breyting var m.a. skýrð með eftirfarandi hætti í áliti nefndarinnar:

„Þá kom fram það sjónarmið fyrir nefndinni að óljóst væri hvað félli undir að vera samtímaendursögn. Að mati meiri hlutans mætti skilgreina nánar hvað felst í því. Meiri hlutinn bendir á að það sem mestu máli skiptir í því sambandi er ef til vill ekki tegund miðlunar heldur innihald upplýsinga og tímasetning birtingar. Þannig að ef greint er frá því sem fram kemur í skýrslutöku áður en henni er lokið mundi það teljast samtímaendursögn, og gildir þá einu í gegnum hvaða miðil slíkt er gert. Þá telst það til að mynda ekki samtímaendursögn ef frétt er birt þegar

skýrslutöku er lokið eða fréttamaður kemur í beina útsendingu og greinir frá því sem fram kom. Meiri hlutinn áréttar að ætlunin er einungis að þetta nái til þess sem fram kemur við skýrslutöku. Ætlunin sé ekki að hindra að greint sé frá því hvaða aðili sé að gefa skýrslu, svo dæmi sé tekið. Með hliðsjón af framangreindu telur meiri hlutinn þó rétt að breyta orðalagi 2. og 18. gr. frumvarpsins í samræmi við framangreind sjónarmið þannig að í stað þess að nota hugtakið „samtímaendursögn“ komi fram að óheimilt sé að greina frá því sem sakborningur eða vitni skýrir frá við skýrslutöku á meðan á henni stendur.“

Af framanröktu verður ekki ráðið að orðalag 2. málsl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/2008 eða lögskýringargögn að baki ákvæðinu gefi tilefni til að skýra það rýmra en svo að bann það sem þar er mælt fyrir um vari einungis meðan hlutaðeigandi skýrslutaka stendur yfir. Bent skal á í því sambandi að orðið skýrslutaka kemur fyrir í eintölu bæði í texta ákvæðisins og í framangreindum lögskýringargögnum að baki því. Í 1. mgr. 166. gr. laganna segir aftur á móti að við aðalmeðferð máls fari að jafnaði fram í einni lotu „skýrslutökur og munnlegur flutningur máls“. Er þannig gerður greinarmunur í lögunum á einni skýrslutöku eða fleiri og gert ráð fyrir að fleiri en ein slík geti farið fram við aðalmeðferð máls líkt og raunin er í því máli sem er tilefni þessa bréfs.


Að mati Blaðamannafélags Íslands má ljóst vera að fyrrgreind umfjöllun fjölmiðla 3. mars sl. og síðar fór ekki í bága við fyrirmæli 2. málsl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/2008 eins og það ákvæði ber að skýra með hliðsjón af framangreindu og í ljósi 73. gr. stjórnarskrárinna og 10. gr. mannréttindasmáttmála Evrópu og væntir félagið þess að sú verði endanleg niðurstaða dómstóla í málínu. Hvað sem því líður liggur fyrir að blaðamenn sem birt hafa fréttir sem ljóst er að eiga erindi við almenning hafa verið boðaðir fyrir dóm vegna slíkrar umfjöllunar og þeim tjáð að hún kunni að varða þá viðurlögum. Sú ráðstöfun er eðli málsins samkvæmt til þess fallin að fæla ekki einungis hlutaðeigandi blaðamenn heldur jafnframt aðra blaðamenn frá því að fjalla um hlutaðeigandi mál og sambærileg mál í framtíðinni.

Blaðamannafélag Íslands bendir á að mál það sem er tilefni þessa bréfs er ekki eina nýlega dæmið þar sem blaðamenn hafa verið kallaðir fyrir stjórnvöld í kjölfar fréttaskrifa og þeim kynnt að þau kunni að varða þá viðurlögum. Eftir því sem slíkum dænum fjölgar þrengist að sama skapi það svigrúm sem fjölmiðlar hafa til að fjalla opinberlega um mikilvæg þjóðfélagsmálefni án þess að blaðamenn miðilsins eigi það á hættu að verða beittir viðurlögum. Um varhugaverða þróun er að ræða sem að mati Blaðamannafélags Íslands gengur þvert gegn þeim gildum og lýðræðishefðum sem byggt er á í stjórnarskrá lýðveldisins og í því alþjóðlega mannréttindasamstarfi sem Ísland á aðild að.

Þeirri afturför sem orðið hefur hér á landi á síðustu árum í vernd tjáningarfrelsис fjölmiðla verður ekki snúið við nema með atbeina handhafa allra þátta ríkisvalds sem fara í sameiningu með það hlutverk að tryggja fjölmiðlum eðlilegt starfsumhverfi sem gerir þeim kleift að gegna því mikilvæga hlutverki sem þeir fara með í lýðræðissamfélagi. Blaðamannafélag Íslands beinir þeirri eindregnu áskorun til allra viðtakenda þessa bréfs að leggja sitt af mörkum til að tryggja að fjölmiðlar fái í reynd notið þess tjáningarfrelsис sem þeir eiga að njóta samkvæmt stjórnarskrá og alþjóðasáttmálum.

MAGNA

Virðingarfyllst,
f.h. Blaðamannafélags Íslands,


Flóki Ásgeirsson lögmaður